

Ár 2008, föstudaginn 15. ágúst, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Varnarmálastofnunar

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Kjararáði barst þann 16. júní 2008 afrit af bréfi fjármálaráðuneytis til utanríkisráðuneytis dagsettu 6. júní 2008. Í bréfinu segir að það sé mat fjármálaráðuneytisins að forstjóri Varnarmálastofnunar falli undir 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og verði tekið mið af þeirri niðurstöðu við næstu útgáfu á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laganna.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 19. maí 2008 frá utanríkisráðuneytinu með beiðni um ákvörðun launa og starfskjara forstjóra Varnarmálastofnunar. Í bréfinu sagði að fjallað væri um Varnarmálastofnun í varnarmálagögum nr. 34/2008. Lögin tækju gildi 31. maí 2008 og yrði Ratsjárstofnun þá lögð niður. Í bréfinu sagði að Varnarmálastofnun mundi starfa á grundvelli varnarmálagaga og væri ætlað að sinna verkefnum á sviði varnarmála. Lögin gildi um stjórnslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Í greinargerð væri sérstaklega tiltekið að lögð væri áhersla á tengsl laganna við þjóðrættarskuldbindingar og milliríkjasamskipti á sviði öryggis- og varnarmála. Þá væri tiltekið í greinargerðinni að lögin fjölluðu um verkefni er sneru að varnarviðbúnaði ríkisins og ytra öryggi þess. Þessi verkefni yrðu nú unnin af íslenskum starfsmönnum en hefðu hingað til að mestu verið unnin af erlendum hermönnum í umboði íslenskra stjórnvalda. Meðal helstu verkefna Varnarmálastofnunar væri starfsemi Ratsjárstofnunar, þátttaka í loftrýmiseftirliti og -gæslu Atlantshafsbandalagsins hér við land, rekstur allra mannvirkja bandalagsins hér á landi (um 147 talsins) en þeirra á meðal væru fjórar ratsjástöðvar, fjarskiptastöð, olíubirgðastöð og hafnarmannvirki við Helguvík. Enn fremur umsýsla varðandi þjónustu við hersveitir Atlantshafsbandalagsins, þegar þær dveldu hér á landi, þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins og samstarfi við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkt á sviði varnarmála. Þá væri stofnuninni ætlað að annast framkvæmd ýmissa verkefna sem til þessa hefðu verið unnin í utanríkisráðuneytinu, svo sem rekstur öryggis-svæða, undirbúningur og umsjón varnaræfinga og framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Einnig væri stofnuninni ætlað að annast rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og úrvinnslu upplýsinga úr þeim og bera ábyrgð á útgáfu öryggisvottunar. Starf forstjóra væri mjög ábyrgðarmikið og krefjandi stjórnendastarf og hefðu því verið gerðar kröfur um menntun og hæfni til viðbótar því sem áskilið væri í lögnum, svo sem um reynslu af mannaforráðum, leiðtogahæfileika, frumkvæði og metnað til að ná árangri í uppbyggingu nýrrar stofnunar. Varnarmálastofnun taki meðal annars yfir starfsemi Ratsjárstofnunar, þ.e. rekstur íslenska loftvarnakerfisins og rekstur fjarskipta- og ratsjástöðva Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Nærtækast væri því að laun forstjóra Varnarmálastofnunar tækju mið af núverandi launum forstjóra Ratsjárstofnunar sem væru um

1.300.000 kr. á mánuði. Að mati utanríkisráðuneytisins væri þó ekki hægt að hafa hliðsjón af þessari launafjárhæð, þótt hún gæfi ákveðnar vísbendingar, þar sem hún stafaði frá þeim tíma þegar bandarísk stjórnvöld hefðu borið ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og væri umtalsvert hærri en þau laun sem tíðkuðust meðal forstöðumanna íslenskra ríkisstofnana. Ráðuneytið benti á að embætti forstjórans sneri að miklu leyti að framkvæmd nýrra verkefna á sviði varnarmála, sem vörðuðu flókin og vandmeðfarinn málaflokk, ábyrgðin væri mikil enda um loftvarnir landsins að ræða. Heildarkostnaður Varnarmálastofnunar árið 2008 væri áætlaður í kringum 1.350 m.kr. Starfsmenn Ratsjárstofnunar væru um 37 en áætluð heildarstarfsmannaþörf Varnarmálastofnunar væri um 50 manns. Utanríkisráðuneytið teldi að hafa mætti hliðsjón af launum forstjóra Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra við ákvörðun launa forstjórans.

III.

Kjararáð gaf fjármálaráðuneyti og nýskipuðum forstjóra Varnarmálastofnunar, með bréfum dagsettum 19. júní 2008, kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 1. júlí 2008.

Í bréfi forstjórans dagsettu 2. júlí 2008 tók hann undir þau sjónarmið utanríkisráðuneytisins að verkefni Varnarmálastofnunar væru samofin framkvæmd þjóðréttarskuldbindinga og milliríkjasamskipta á sviði öryggis- og varnarmála. Varnarmálastofnun hefði ein stofnana hérlendis það lögmælt hlutverk að annast samskipti við erlenda heri og erlend hermálafyrirvöld og mjög ríkar hæfniskröfur væru gerðar í nágrenni okkar til æðstu stjórnenda stofnana sem færu með öryggis- og varnarmál og færu ábyrgð og laun þar jafnan saman. Eðlilegt væri að sama gildi um embætti forstjóra Varnarmálastofnunar. Hafa bæri laun forstjóra Ratsjárstofnunar, sem hefðu verið 1.300.000 kr. á mánuði, til hliðsjónar, þótt ekki væri fyllilega hægt að taka mið af þeim. Verkefni Varnarmálastofnunar væru mun víðtækari en verkefni Ratsjárstofnunar og ábyrgð og verksvið forstjóra Varnarmálastofnunar væru meiri en ábyrgð forstjóra Ratsjárstofnunar hefði verið. Forstjóri Varnarmálastofnunar þyrfti að fara í gegnum öryggisvottun bæði hérlendis sem erlendis og þyrfti að sæta nákvæmri skoðun á einkahögum sínum svo að hann uppfyllti öryggiskröfur og skilyrði sem NATO setti. Forstjórinn þyrfti að gæta mikils trúnaðar í störfum sínum og væri treyst fyrir viðkvæmum upplýsingum er vörðuðu þjóðaröryggi Íslands og annarra ríkja. Því þyrftu launakjör hans að vera með þeim hætti að ekki væri unnt að hafa áhrif á skoðanir og ákvarðanir hans. Í því sambandi mætti nefna svokallaðar öryggis- og trúnaðareiningar sem kæmu ofan á föst laun forstöðumanna stofnana sem störfuðu að öryggis- og varnarmálum. Það væri mat forstjórans að í ljósi verkefna og ábyrgðar skyldi starf forstjóra Varnarmálastofnunar ekki metið léttvægara en störf forstjóra Landhelgisgæslu og ríkislögreglustjóra.

IV.

Um Varnarmálastofnun gilda varnarmálalög nr. 34/2008. Samkvæmt 1. gr. laganna gilda þau um stjórnvöld varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálafyrirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis og varnarmála. Samkvæmt 2. gr. er markmið laganna að afmarka valdheimildir íslenskra stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni, að greina á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins, að greina á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála og að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi. Samkvæmt 3. gr. fer utanríkisráðherra með yfirstjórn varnarmála og ber ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu á alþjóðavettvangi.

Í 6. gr. laganna segir að ríkið starfræki sérstaka stofnun, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem nefnist Varnarmálastofnun og sinni verkefnum á sviði varnarmála. Í 7. gr. laganna eru helstu verkefni stofnunarinnar talin upp í fimmtán liðum. Þau eru meðal annars: Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, þ.m.t. fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins hérlendis; þátttaka í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmigæslu Atlantshafsbandalagsins; rekstur, umsjón og hagnýting öryggissvæða og mannvirkja þar í eigu íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins; undirbúningur og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis; rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og úrvinnsla úr slíkum kerfum; þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins, þar með talið herstjórnarmiðstöðvar bandalagsins; verkefni sem varða framkvæmd varnarsamningsins; ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins varðandi hættumat og stefnumótun á sviði varnarmála; undirbúningur að setningu reglugerða og verklagsreglna. Í 8. gr. laganna segir að utanríkisráðherra skipi forstjóra Varnarmálastofnunar til fimm ára í senn. Hann skal hafa lokið háskólaprófi og búa yfir þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Hann fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri. Í 9. gr. segir að forstjóri ráði aðra starfsmenn Varnarmálastofnunar. Þar segir jafnframt að óheimilt sé að ráða til Varnarmálastofnunar eða hafa þar starfandi einstakling eða verktaka sem ekki uppfylli skilyrði öryggisvottunar, en í öryggisvottun felst samkvæmt 5. gr. staðfesting á því að aðili hafi sætt bakgrunnsskoðun og uppfylli hæfis- og öryggiskröfur til að fá aðgang að trúnaðarskjólum, búnaði eða mannvirkjum í eigu Atlantshafsbandalagsins, aðildarríkja þess, Samstarfs í þágu friðar eða annarra samstarfsríkja Íslands á sviði öryggis- og varnarmála. Varnarmálastofnun ber ábyrgð á öryggisvottun samkvæmt 24. gr. laganna. Í 12. gr. segir að Varnarmálastofnun annist umsjón, rekstur og hagnýtingu allra öryggissvæða á Íslandi, auk mannvirkja sem þar eru. Varnarmálastofnun veitir aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum samkvæmt 13. gr. laganna. Í 14. gr. segir að stofnunin annist rekstur íslenska loftvarnakerfisins. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal bjóða starfsfólki Ratsjárstofnunar störf hjá Varnarmálastofnun. Varnarmálalög tóku gildi 31. maí 2008 og var Ratsjárstofnun þá lögð niður.

V.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Varnarmálastofnun er ný ríkisstofnun á sviði varnar- og öryggismála. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki og miklar kröfur eru gerðar til forstjórans, bæði almennar hæfis- og hæfniskröfur og sérstakar öryggiskröfur. Eins og fram hefur komið tekur hún við starfsemi Ratsjárstofnunar, en verksvið hennar er víðtækara. Hún vinnur ýmis verkefni á sviði varnarmála sem til þessa hafa verið unnin í utanríkisráðuneytinu auk ýmissa nýrra verkefna. Við ákvörðun launa forstjórans hefur einkum verið litið til launa forstöðumanna þeirra embætta sem fara með löggæslu- og öryggismál.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

VI.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2008 skulu mánaðarlaun forstjóra Varnarmálastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 138, nú 733.674 krónur. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir